

Aukaaðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga

Haldinn 19. september 2023 kl. 13:00 í fjarfundarbúnaði Teams

Mættir voru 23 fulltrúar, þar af 18 með atkvæðisrétt.

1. Opnun fundar

Ása Valdís Árnadóttir formaður samtakanna, setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið. Lagði hún til að hún sjálf yrði fundarstjóri og Jóhannes Á. Jóhannesson fundarritari.

Tillögurnar voru bornar upp og samþykktar samhljóða.

2. Kynning og samþykkt á tillögum starfsnefndar Samtaka orkusveitarfélaga um ávinning af orkuvinnslu

Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri og oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps kynnti tillögur starfsnefndar Samtaka orkusveitarfélaga um ávinning af orkuvinnslu.

Þorsteinn Stefánsson nemandi í Háskóla Íslands kynnti drög að líkani (formúlu) sem hægt væri að styðjast við vegna útreikninga á skiptingu tekna vegna orkuvinnslu.

Umræður hófust svo kjölfarið. Að þeim loknum voru tillögur starfsnefndar bornar upp og samþykktar með meirihluta atkvæða.

3. Önnur mál

Rætt var um næstu skref samtakanna.

Fundarslit

Ása Valdís Árnadóttir flutti lokaorð og þakkaði fundarmönnum fyrir þátttökuna.

Fundi slitið kl: 14:00